

**Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa samkvæmt viðauka 2.3 um
embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og
fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2025, þriðjudaginn 14. október kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 1032. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12-14, 3. hæð, Gjáin. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson og Hjördís Sóley Sigurðardóttir. Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sigríður Maack, Valný Aðalsteinsdóttir og Þórður Már Sigfússon. Fundarritari var Brynjar Þór Jónasson.

Þetta gerðist:

1. Vesturbrún 22 - USK25050257

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júní 2025 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu ofan á bílskúr og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 22 við Vesturbrún. Erindið var grenndarkynnt frá 9. september 2025 til og með 7. október 2025. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

2. Gefjunarbrunnur 12 - (fsp) Nýtingarhlutfall lóðar - USK25060426

Lögð fram fyrirspurn Guðbrands Benediktssonar, dags. 30. júní 2025, um nýtingarhlutfall lóðarinnar nr. 12 við Gefjunarbrunn. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. október 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. október 2025, samþykkt.

3. Álfabakki 8 - (fsp) Stækkun lóðar - USK25090370

Lögð fram fyrirspurn Grímu arkitekta, dags. 25. september 2025, ásamt greinargerð Grímu arkitekta, dags. 24. september 2025, um stækkun lóðarinnar nr. 8 við Álfabakka.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

4. Garðastræti 42 - (fsp) Stækkun húss - USK25090164

Lögð fram fyrirspurn Steinþórs Kára Kárasonar, dags. 10. september 2025, ásamt bréfi, dags. 10. september 2025, um stækkun hússins á lóð nr. 42 við Garðastræti, samkvæmt tillögu Kurt og Pí, dags. 8. september 2025.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

5. Hverfisgata 74 - (fsp) Uppbygging á baklóð - USK25050224

Lögð fram fyrirspurn Suðurtúns ehf., dags. 14. maí 2025, um uppbyggingu á baklóð lóðarinnar nr. 74 við Hverfisgötu.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

6. Kjalarnes, Lykkja 2B - (fsp) Stærð byggingarreits og uppbygging á lóð - USK25060264

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. október 2025 var lögð fram fyrirspurn Systra ehf., dags. 19. júní 2025, um stærð byggingarreits á lóð Lykkju 2B á Kjalarnesi og uppbyggingu einbýlishúss eða parhúss á lóð. Einnig eru lagðir fram fyrirspurnaruppdráttir, dags. 8. október 2025. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. október 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. október 2025, samþykkt.

7. Krummahólar 6 - (fsp) Djúpgámar - USK25080322

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. september 2025 var lögð fram fyrirspurn Krummahóla 6, húsfélags, dags. 29. ágúst 2025, um að setja niður djúpgáma á lóð nr. 6 við Krummahóla. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. október 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. október 2025, samþykkt.

8. Langholtsvegur 88 - (fsp) Hækkun húss, uppskipting lóðar og uppbygging húss á baklóð - USK25090366

Lagðar fram fyrirspurnir Olgu Perlu Nielsen Egilsdóttur, dags. 25. september 2025, um annars vegar hækkun núverandi húss á lóð nr. 88 við Langholtsveg og hins vegar uppskiptingu lóðarinnar og uppbyggingu nýs húss á baklóð, samkvæmt skissu, ódags. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

9. Kjalarnes, Saltvík - Breyting á deiliskipulagi - USK25100126

Lögð fram umsókn Skurnar ehf., dags. 7. október 2025, ásamt bréfi TAG teiknistofu, dags. 7. október 2025, um breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi vegna reitanna B, C, D og E. Í breytingunni sem lögð er til felst aukning á nýtingarhlutfalli á reitum C, D og E annars vegar og hins vegar að stækka byggingarreit á reit B, samkvæmt uppdr. TAG teiknistofu, dags. 7. október 2025.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

10. Grímshagi 2 - USK25060383

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. júlí 2025 þar sem sótt er um leyfi til þess að fjarlægja bíslag við suðausturgafli og byggja í staðinn viðbyggingu á tveimur hæðum og setja kvisti á norðaustur- og suðvesturpekju einbýlishúss á lóð nr. 2 við Grímshaga. Þess er jafnframt óskað að 14.6 ferm. geymsla, mhl.02, verði afskráð enda hafi hún þegar verið fjarlægð. Erindið var grenndarkynnt frá 9. september 2025 til og með 7. október 2025. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

11. Vogabyggð svæði 1 - Breyting á deiliskipulagi - Stefnisvogur 54 - USK25070041

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Stefnisvogs ehf., dags. 3. júlí 2025, um breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæðis 1 vegna lóðarinnar nr. 54 við Stefnisvog. Í breytingunni sem lögð er til felst að hækka nýtingarhlutfall lóðarinnar, fjölga íbúðum og stækka byggingarreit 6. hæðar, samkvæmt uppdr. Nordic Office of Architecture dags. 1. júlí 2025. Erindið var í kynningu frá 28. ágúst 2025 til og með 9. október 2025. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Veitna. dags. 8. október 2025.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

12. Sogamýri - Breyting á deiliskipulagi - Mörkina 8 - USK25040436

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. maí 2025 var lögð fram umsókn Markarinnar fasteignar ehf., dags. 30. apríl 2025, um breytingu á deiliskipulagi Sogamýrar vegna lóðarinnar nr. 8 við Mörkina. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun á núverandi byggingarreit til norðurs og viðbótarbyggingarreita sunnanmegin svo að reisa megi tveggja hæða nýbyggingu við suðurenda núverandi byggingar með samtals 8 íbúðum. Fyrirkomulag aðkomu og bílastæða breytist lítillega, samkvæmt uppdr. KRark ehf., dags. 30. apríl 2025. Einnig eru lögð fram viðbótargögn/uppdrættir KRark ehf. (grunnmyndir, útlit snið og þrívíddarmyndir), dags. 30. apríl 2025. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. október 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. október 2025, samþykkt.

13. Ljárdalur - USK25050015

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júní 2025 þar sem sótt er um leyfi til að byggja vélageymslu í Ljárdal með landeignanúmer 174330. Erindið var grenndarkynnt frá 9. september 2025 til og með 7. október 2025. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Fundi slitið kl. 11:15

Brynjar Þór Jónasson Hjördís Sóley Sigurðardóttir